

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

Samgönguáætlun 2024 - 2038, þingsályktunartillaga. Mál 315.

Akureyrarflugvöllur - Aðflug úr suðri.

Ljóst er að núverandi "Localizer" flugferlar standast ekki nútímakröfur við krefjandi aðstæður sem eru í fjalllendi Eyjafjarðar. Ferlarnir þjóða einungis upp á tvívíða leiðsögu, þ.e. stefnustjórnun (2D). ICAO, alþjóðaflugmálastofnunin hefur árum saman lagt til að við slíkar aðstæður sé boðið upp á þrívíða flugleiðsögu, þ.e. bæði stefnu og hæðarstjórnun (3D). Sú breyting eykur öryggi margfalt frá því sem nú er og bætir ekki síst aðgengi að Akureyrarflugvelli, í erfiðum norðanáttum með lélegu skyggni. ICAO lagði til á sínum tíma, að umbótum af því tagi yrði almennt lokið fyrir árið 2016.

Bindandi ákvæði eru um svonefnda RNP flugferla í reglugerð (ESB) 2018/1048, sem samþykkt var af íslenskum stjórnvöldum með reglugerð 444/2020 og tók gildi 14. maí 2020.

Þar kemur fram að við blindflugsbrautarenda eiga RNP aðflug að vera komin í notkun **fyrir 25. janúar 2024**. Þar hefur takmörkuð útbreiðsla EGNOS gervihnattaleiðsögu reyndar áhrif, en hún er einungis tiltæk í dag við flugvelli frá Akureyri til Hornafjarðar.

Isavia ANS hefur gert greiningar á tveimur valkostum sem uppfylla tilmæli ICAO og reglugerðar 2018/1048. Á fagmáli nefnast þeir **A-RNP** og **RNP AR**. Flugferlarnir opna á verulega bætt aðgengi að Akureyrarflugvelli fyrir þotur af millistærð s.s. B737 og A320 ásamt Dash 8-400. Þetta skiftir höfuðmáli fyrir hlutverk flugvallarins sem varaflugvallar. Auk þess er easyJet nú að hefja millilandaflug til Akureyrar. Það félag hefur lagt mikla áherslu á nýtingu þessarar tækni, ekki einungis vegna aukins öryggis og betra aðgengis, heldur einnig vegna möguleika á styttri flugleiðum, með tilheyrandi eldsneytissparnaði og lækkuðu kolefnisspori.

Lagt er til að í grein um framkvæmdir við Akureyrarflugvöll í kafla 4.2.2.2., verði bætt við eftirfarandi:

1. **A-RNP** flugferill verði hannaður og útgefinn eins fljótt og kostur er.
2. **RNP AR** flugferill verði undirbúinn og settur á fimm ára framkvæmdaáætlun.

Til skýringar: Við núverandi aðflugslágmörk er ákvörðunarpunktur um fráhrarfsflug í 8,2 km fjarlægð frá brautarenda og í 1250 feta hæð. Með **A-RNP** flugferli færast viðmiðin í 2,2 km fjarlægð og 500 feta hæð, sem er veruleg framför.

Í fjármálakafla vegna alþjóðaflugvalla í grunnneti er þegar gert ráð fyrir kostnaði vegna flugferla og leiðsögubúnaðar fyrir Akureyrarflugvöll. Samkvæmt upplýsingum Isavia er kostnaður við hvorn flugferil innan við 10 milljónir.

Framangreind tillaga styður meginmarkmið samgönguáætlunar um:

- a). Greiðar samgöngur.
- b). Öruggar samgöngur.
- c). Hagkvæmar samgöngur
- d). Jákvæða byggðapróun

Virðingarfyllt,

Víðir Gíslason
Akureyri

Meðfylgjandi er skýringarmynd vegna A-RNP-flugferils.